

74

## Fiskiveiðasamþykkt.

15. júní.

Sýslunefndirnar í Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu hafa með lögakveðinni hlutdeild bæjarstjórnarinnar á Akureyri samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. desbr. 1886 um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi

## SAMÞYKKT

um fiskiveiðar á opnum skipum á sjávarsvæðinu milli sýslutakmarka Eyjafjarðarsýslu að vestan og Gjöguratáar í Þingeyjarsýslu,  $\frac{3}{4}$  mílu frá landi.

## 1. gr.

Enginn sem stundar fiskiveiðar á opnum skipum á svæði því, sem samþykkt þessi nær yfir, má á neinum árstíma láta fiskilóðir eða línur liggja í sjó um nætur frá því kl. 10 að kveldi til þess kl. er 3 morguninn eptir.

## 2. gr.

Enginn má á tímabilinu frá 14. nóvember til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, leggja fiskilínu í sjó innst á Eyjafirði fyrir innan beina stefnu úr yzta Glerárós að vestan og að Geldingsánni að austan.

## 3. gr.

Enginn má á neinum árstíma slægja eða afhöfða nokkra fiskitegund, eða kasta í sjó slógi og höfðum á sjávarsvæði því, er samþykkt þessi nær til.

## 4. gr.

Enginn má á tímabilinu frá 1.—30. apríl, að báðum þeim dögum meðtöldum, hafa nýja eða ósaltaða síld, silung, síli, kolkrabba eða skelfisk til beitu á fiskilóðir á fyrnefndu sjávarsvæði; en síld, sem legið hefur í salti minnst 14 daga má nota til beitu á nefndu svæði.

## 5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—200 krónum eptir málavöxtum, og eptir því, hvort brotið er í fyrsta sinn eða það er ítrekað, nema brotið sje svo lagað, að meiri sektir liggi við eptir öðrum lögum.

## 6. gr.

Til þess að sjá um, að samþykkt þessari verði hlýtt, kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir og bæjarstjórnin á Akureyri á hvers árs hreppapingum, gegn hæfilegri þóknun svo marga gæzlumenn, er þurfa þykir. Gæzlumenn þessir skulu hafa hver sitt ákveðið svæði til umsjónar, og ber þeim að kæra tafarlaust fyrir hreppstjóra eða lögreglustjóra brot eða grunsemdir um brot, sem kunna að eiga sjer stað gegn samþykkt þessari.

## 7. gr.

Öllum sektum, sem til falla eptir samþykkt þessari, skal skipt í tvo jafna hluti, og falli annar helmingur í fátækra sjóð, hinn til uppljóstrarmanns.

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. október 1888, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands norður- og austuramt. Akureyri, 15. dag júním. 1888.

*J. Havsteen.*